



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar Flutningsaðili: HSK

77. Íþróttathing ÍSÍ haldið á Berjaya Reykjavík Natura hótél (áður Hótél Loftleiðir), Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík, dagana 16. og 17. maí 2025, skorar á ríkisstjórn Íslands að taka nú þegar upp samtal við íþróttahreyfinguna á Íslandi, varðandi starfsumhverfi hennar, m.a. fjármálaumhverfi, starfsumhverfi, lagalegt umhverfi o.fl.

Greinargerð:

Það er ljóst að blikur eru á lofti í starfi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Bæði hvaða varðar fjármál og sjálfbærliðastarf. Sífelld erfiðara er orðið að fá fólk til starfa fyrir hreyfinguna í sjálfbærliðastarfi. Það sem ekki síst hefur orðið til þess er sú staða sem uppi er varðandi fjármál hennar. Sífelld erfiðara er orðið að fjármagna starfið með öðru en greiddum æfingagjöldum, sem engan veginn standa undir íþróttastarfinu. Kvaðir yfirvalda um persónulegar ábyrgðir stjórnarmanna íþróttafélaga, skattaumhverfi o.fl. hefur orðið til þess að fleiri og fleiri vilja ekki koma nálægt þessu starfi.

Löngu er orðið tímabært að ríkisvaldið setji sérstakar reglur um íþróttafélög á Íslandi, hvaða varðar ýmislegt í umhverfi þeirra, s.s. ábyrgðir, skattamál, fjármál, ívilnanir o.fl.

Ef ekkert verður að gert mun starfsemi íþróttafélaga leggjast niður á næstu árum.